

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Rannsóknarsvið

Hrollaugsstaðir í Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði

Minjaskráning vegna deiliskipulags

Sigríður Guðný Björgvinsdóttir

2021



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar.....	2
Staðhættir	4
Skráning.....	6
Samantekt og lokaorð	11
Heimildir:.....	12

Myndaskrá:

Mynd 1. Hrollaugsstaðir í Suðursveit á Íslandskorti.	1
Mynd 2. Félagsheimilið að Hrollaugsstöðum 1945	5
Mynd 3. Kvíaklettur, suður af Kálfafellsstað.	5
Mynd 4. Yfirlitskort af skráðum minjum.	6
Mynd 5. Kvíaklettur og Hrollaugsstaðir	7
Mynd 6. Uppmælingar af tóftum við Kvíaklett.....	8
Mynd 7. Fyrsta fundarhúsið í Borgarhafnarhreppi.	9
Mynd 8. Ummerki fundarhússins við Kvíaklett.....	9
Mynd 9. Vélageymslan og laugin við Kvíaklett.....	10

Töfluskrá:


Tafla 1. Verkefni 2604, samantekt skráðra minja í landi Hrollaugsstaða.	11
--	----

* Mynd á forsíðu: Hrollaugsstaðir og Kvíaklettur undir Kálfafellstindi. Ljósmynd: Sigríður Guðný Björgevinsdóttir, janúar 2021.

Inngangur

Hrollaugsstaðir í Suðursveit eru í fyrrum landi Kálfafellsstaðar í Sveitarfélaginu Hornafirði, fast norðan við þjóðveg 1. Sveitarfélagið er eigandi að landi og mannvirkjum á Hrollaugsstöðum og vinnur að deiliskipulagi fyrir lóðina. Innan skipulagsreitsins eru nú þegar tvö steinsteypt hús, félagsheimilið Hrollaugsstaðir og fyrrum skólahúsnæði Suðursveitar, Hrollaugsstaðaskóli. Byggingarnar tvær eru nú tengdar saman með viðbyggingu. Sunnan félagsheimilis er fótoltavöllur. Skólinn hefur verið lagður niður og mun húsnæðinu verða breytt í íbúðir en félagsheimilið er enn í notkun sem slíkt. Samkvæmt deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðabyggingar innan lóðarinnar, um 3 ha lands sem er að mestu graslent en klettótt í suðvestur horni þess.¹

Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins var skipulagssvæðið tekið út með tilliti til fornminja eins og lög gera ráð fyrir.² Farið var á vettvang 25. janúar 2021 og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sýnilegar minjar voru staðsettar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Skráning, úrvinnsla og skýrslugerð var framkvæmd af Sigríði G. Björgvinsdóttur náttúrulandfræðingi hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar.



Mynd 1. Hrollaugsstaðir í Suðursveit, merkt með rauðum punkti á Íslandskorti. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands. Kortagerð: SGB, 2021.

¹ ASK arkitektar 2021, bls. 2

² Lög um menningarminjar nr.80/2012

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands.

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja er metið út frá flokkun Minjastofnunar um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í vegghæð og -breidd ásamt mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hnattstaða er mæld í miðju hvers minjastaðar. Ef eingöngu er um heimild eða frásögn um minjar að ræða, er áætluð staðsetning þeirra grundvölluð á upplýsingum með 20-50 m óvissu.

Staðhættir

Eins og ofar greinir eru Hrollaugsstaðir í fyrrum landi Kálfafellsstaðar sem er kirkjujörð og hefur verið í ábúð síðan á söguöld. Samkvæmt Njálssögu bjó Kolur Þorsteinsson, frændi Síðu-Halls, á Kálfafelli í Fellshverfi og tók kristna trú árið 1000.³ Hann lét reisa kirkju á jörð sinni og er hún talin fyrsta kirkjan í sveitinni og hefur verið höfuðkirkja alla tíð síðan. Í elstu heimildum er skrásett nafn jarðarinnar Kálfafell í Hornafirði, Kálfafell í Fellshverfi og Kálfafell eystra.⁴ Í lok staðamála færðist kirkjan undir forræði biskups og skiptist þá jörðin í tvennt milli bónda og kirkju, Kálfafell innra og Kálfafellsstaður.⁵

Í byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir: „Kálfafellsstaður hefur alltaf verið talin ágæt bújörð á skaftafellskan mælikvarða, tún stórt og grasgefið og engjar miklar áður fyrr [...].“⁶ Nokkrar hjáleigur voru í landi Kálfafellsstaðar í gegnum aldirnar, þó ekki allar samtímis í byggð. Árið 1953 var nýbýlið Jaðar stofnað út úr heimajörðinni og liggja jarðamörk býlisins við norðurmörk Hrollaugsstaðalóðar.⁷

Hrollaugsstaðir voru byggðir á árunum 1943-1948 að tilstuðlan Ungmennafélagsins Vísis í Suðursveit, sem félagsheimili og skólabýgging fyrir íbúa þáverandi Borgarhafnarhrepps, nú Suðursveitar.⁸ Félagsheimilið var reist á árunum 1943-45 og kennsla hófst þar um haustið 1945.⁹ Áramótin 1947-48 var sjálft skólahúsið með heimavist tilbúið og tekið í notkun og markaði upphaf heimavistarskóla í Austur-Skaftafellssýslu.¹⁰ Fram að því að kennsla hófst í Hrollaugstaðaskóla hafði barnakennsla í Suðursveit farið fram í farkennslu, líkt og annars staðar í sýslunni.¹¹

Í suðvesturhorni lóðar Hrollaugstaða er klettaholt sem kallast Kvíaklettur.¹² Sunnan undir Kvíakletti stóð fyrsta samkomuhús Suðursveitar, byggt árið 1923.¹³ Við Kvíaklett voru fjárvíar áður fyrr.¹⁴

³ Íslensk Fornrit XII, bls. 258

⁴ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 193

⁵ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 193

⁶ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 193-194

⁷ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 196

⁸ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 143

⁹ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 143

¹⁰ Arnþór Gunnarsson 2011, bls. 63

¹¹ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 143-144

¹² Ö-skrá, Kálfafellsstaður - 3

¹³ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 142

¹⁴ Ö-skrá, Kálfafellsstaður - 3



Mynd 2. Félagsheimilið að Hrollaugsstöðum 17. júní 1945. Myndina tók Skarphéðinn Gíslason á Vagnstöðum í Suðursveit. (HérA-Skaft- 1994-1-127).



Mynd 3. Kviaklettur, suður af Kálfafellsstað horft til norðvesturs. Ljós. SGB, janúar 2021.

Skráning

Niðurstaða skráningar í þessu verkefni er sýnd á myndkorti á mynd 4. Skráningin hlaut verkefnanúmerið **2604** í skráningavefsjá Minjastofnunar og myndar stofn í auðkennisnúmeri hverrar minjar. Samtals voru skráðir 5 minjastaðir, þar af 3 tóftir húsa.



Mynd 4. Yfirlitskort af skráðum minjum innan lóðar Hrollaugsstaða í Suðursveit, varpað á loftmynd. Svartur rammi afmarkar útlínur skráningarsvæðis og er í samræmi við deiliskipulagsreit samkvæmt lýsingu í skipulagslýsingu ASK arkitekta. Samtals voru skráðir fimm minjastaðir, sjá nánar í skrá **2604:001 – 2604:005** hér neðar. Kortagerð: SGB, 2021. Heimild: Loftmyndir ehf.

Auðkennisnúmer: 2604:001

Í örnefnaskrá fyrir Kálfafellsstað segir: „Neðan við tún er klettur, kallaður Kvíaklettur; þar voru mjólkaðar ær – fjárvíar.“¹⁵

Staðsetning: A 652116.919 – N 412215.894

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: kvíar

Aldur frá – til: 850 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Ekki eru heimildir fyrir nákvæmri staðsetningu fjárvíanna við Kvíaklett, hvort þær voru sunnan við klettinn eða norðan hans. Þau ummerki sem sjást við klettinn í dag gefa ekki augljósa vísbendingu um staðsetninguna (sjá myndir 4 og 5a).



Mynd 5. Horft til norðurs af þjóðvegi 1 í átt að Kvíakletti (mynd **a**), þar voru fjárvíar. Mynd **b** sýnir tóft 002, fjárhús eða fjárskýli. Myndir: SGB, janúar 2021.

Auðkennisnúmer: 2604:002

Neðan við eystri enda Kvíakletts var fjárhús eða fjárskýli.¹⁶

Staðsetning: A 652136.620 – N 412238.812

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús/fjárskýli

Aldur frá – til: 850 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá – til: 0.3 m – 0.5 m

Veggjabreidd: 1.0 m

¹⁵ Ö-skrá, Kálfafellsstaður -3

¹⁶ Fjölnir Torfason Hala, 2021.

Lýsing: Tóftin er um 13 m vestur af heimkeyrslunni að Hrollaugsstöðum (sjá mynd 4 og 6). Hún er einhólfa vallargróin tóft, 4 x 3 m að stærð. Ekki er ljóst hvort mannvirkið hafi verið undir þaki (sjá mynd 5b).



Mynd 6. Uppmælingar af tóftum við Kvíaklett, hér varpað á loftmynd Loftmynda ehf. Austast er fjárhúsatóft (002), ekki ljóst hvort mannvirkið hafi verið undir þaki. Inn í stærri tóftina til vinstri á mynd (003) stóð fyrsta fundar- og samkomuhús Suðursveitar, reist árið 1923. Vestan við fundarhúsið var dráttarvélageymsla frá Jaðri, sjá nánar auðkenni: 2604:004. Kortagerð: SGB, 2021. Heimild: Loftmyndir ehf.

Auðkennisnúmer: 2604:003

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir: „1923 var byggt fyrsta samkomuhús sveitarinnar.“¹⁷ Það var byggt sunnan undir Kvíakletti suður af túnnum Kálfafellsstaðar. Húsið var úr timbri á einni hæð, þverhús byggt í tóft (sjá mynd 7). Borgarhafnarhreppur stóð fyrir byggingunni sem fundarhús hreppsins og þjónaði húsið hlutverki sínu fram til 1945 er nýja félagsheimilið Hrollaugsstaðir var tekið í notkun. Fundar- eða þinghúsið eins og það var kallað í hreppsbókum var rífið haustið 1945 og byggingarefni hússins selt á uppboði í nóvember sama ár.¹⁸

¹⁷ Þorsteinn Guðmundsson 1972, bls. 142

¹⁸ HérA-Skaft. A/2-6-4, bls. 95-101

Staðsetning: A 652110.702 – N 412219.127

Sérheiti: Fundarhúsið

Tegund: heimild

Tegund annað: tóft

Hlutverk: þinghús

Aldur frá – til: 1923 – 1945

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá – til: 0.3 m – 1.6 m

Veggjabreidd: 1.0 m

Lýsing: Tóft 003 stendur fast upp við Kvíaklettinn að sunnanverðu. Hún er tvíhólfa, um 15 m á breidd og 6,5 m á lengd og gefur vísbendingu um stærð fundarhússins (sjá myndir 7 og 8). Vestur endi tóftarinnar er sýnu hærri og stæðilegri en sá eystri og þar sést í grjóthleðslur í veggjum. Sá hluti var nýttur áfram eftir að fundarhúsið var rifið.



Mynd 7. Fyrsta fundarhúsið í Borgarhafnarhreppi. Myndin er tekin rétt áður en húsið var rifið árið 1945.
Ljósmynd: Þóra Hólm Jóhannsdóttir, birt með leyfi eiganda.



Mynd 8. Fundarhúsið stóð austan við tóftina vinstra megin á mynd. Ljós. SGB, janúar 2021.

Auðkennisnúmer: 2604:004

Við vestur enda fundarhússins var vélageymsla frá Jaðri, samkvæmt heimildarmanni.¹⁹

Staðsetning: A 652106.022 – N 412215.236

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: geymsla

Aldur frá – til: 1850 – 1970

Friðlýst: nei


Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá – til: 0.3 m – 1.6 m

Veggjabreidd: 1.0 m

Lýsing: Tóft 004 er að ytra máli 7 x 6 m og er hærri og stæðilegri en eystri hluti tóftar 003 og þar sést í grjóthleðslur í veggjum (mynd 9a). Mannvirkið var í notkun lengur fram á 20. öldina eftir að fundarhúsið (sjá 003) var rífið árið 1945.



Mynd 9. Tóftin (004) á mynd **a** var nýtt sem vélageymsla. Ljósmynd. SGB, janúar 2021. Mynd **b** sýnir handlaugina (005), samkvæmt örnefnaskrá þvoðu mjaltakonur hendur sínar í lauginni. Ljósmynd. Þorbjörg Arnórsdóttir, janúar 2021.

Auðkennisnúmer: 2604:005

Í örnefnaskrá fyrir Kálfafellsstað segir: „Neðan við tún er klettur, kallaður Kvíaklettur; þar voru mjólkaðar ær – fjárkvíar. Þar er lítil hola eins og meitluð ofan í klöppina og sagt, að mjaltakonan hafi þvegið sér um hendur þar (nafnlaus).“²⁰

Staðsetning: A 652099.193 – N 412216.258

Sérheiti:

Tegund: náttúruminjar

Tegund annað: heimild

Hlutverk: HAND-laug

Aldur frá – til: 850 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

¹⁹ Fjölnir Torfason, munnleg heimild.

²⁰ Ö-skrá, Kálfafellsstaður - 3

Lýsing: Holan eða „laugin“ er norðaustan í fremsta klettinum, vestan við tóftir 003 og 004. Hún er ílöng í laginu u.þ.b. 20 cm djúp og 0.4 x 0.2 m að stærð (sjá mynd 9b). Staðsetning holunnar gæti gefið vísbendingu um að kvíarnar hafi verið í nágrenni hennar. Ætla má að þær hafi staðið sunnan klettsins frekar en norðan eða austan hans og ekki er hægt að útiloka að fundarhúsið hafi verið byggt inn í tóft af kvíunum. Heimildir geta þess ekki hvort þetta voru færiskvíar og þá úr viði eða hlaðin mannvirki úr torfi og/eða grjóti.

Samantekt og lokaorð

Samtals voru 5 minjastaðir skráðir í þessu verkefni. Í eftirfarandi töflu eru helstir þættir skáningarinnar teknir saman, þ.e. tegund, hlutverk, aldur og hættumat.

Tafla 1. Verkefni 2604, samantekt skráðra minja í landi Hrollaugstaða í Suðursveit.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta
2604:001		heimild	kvíar	850-1950	enging hættu
2604:002		tóft	fjárhús	850-1950	hætta v rasks
2604:003	<i>Fundarhúsið</i>	tóft	þingstaður	1923-1945	hætta v rasks
2604:004		tóft	vélageymsla	1953-1970	hætta v rasks
2604:005		náttúruminjar	hand-laug	850-1950	hætta v rasks

Í þessari skýrslu hefur verið greint frá niðurstöðu minjaskráningar í landi Sveitarfélagsins Hornafjarðar við Hrollaugstaði í Suðursveit. Tilefni skráningar er deiliskipulagsvinna og fyrirhugaðar framkvæmdir. Innan skipulagsreits eru minjar, við og sunnan svonefnds Kvíakletts, u.þ.b. 50 m suðvestur af framkvæmdareitum. Einnig standa mannvirki frá miðri síðustu öld, félagsheimili og fyrrverandi skólahúsnæði innan reitsins og falla því undir húsaskráningu. Ekki eru allar skráðar minjar í þessu verkefni skilgreindar sem fornleifar samkvæmt aldursákvæðum minjalaga en skráðar hér engu að síður vegna sögu þeirra. Fyrsta fundarhús eða þinghús fyrrum Borgarhafnarhrepps var reist ári 1923 suðvestan Hrollaugstaða, undir Kvíakletti og þjónaði tilgangi sínum sem slíkt fram til 1945 þegar nýtt félagsheimili var reist. Enn sést til ummerkja þar sem húsið stóð undir klettinum. Upprunaártöl eru ekki ljós í þremur tilfellum. Minjunum ætti ekki að stafa hættu af framkvæmdunum sjálfum en í ljósi aukins íbúafjölda á svæðinu að þeim loknum má gera ráð fyrir að þær gætu orðið fyrir raski í náninni framtíð.

Í ljósi langrar byggðasögu Kálfafells í Fellshverfi, síðar Kálfafellsstaðar má vænta þess að minjar gætu leynst í jörðu þó svo yfirborðið gefi annað til kynna. Af því tilefni skal bent á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngrípir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa friðaðar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Stofnunin mun taka afstöðu til þeirra minja og minjastaða sem hér eru skráðir með hliðsjón af varðveislugildi þeirra.

Heimildir:

Arnþór Gunnarsson (2011). *Á afskekktum stað*. Bókaútgáfan Hólar.

ASK arkitektar (2021). *Deiliskipulag Hrollaugstöðum – Hornafjörður*. Óútgefin deiliskipulagsskýrsla.

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu. *Borgarhafnarhreppur, Uppskriftar- og uppboðsbók 1925-1985*. HérA-Skaft. A/2-6-4.

Íslensk Fornrit; XII, (1954). *Brennu-Njálssaga*. Einar Ólafur Sveinsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Loftmyndir ehf (2017). *Loftmyndagrunnur*. GeoTIFF miðflugs-litmynd nr. B649-3.

Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

Þorsteinn Guðmundsson (1972). Byggðasaga Borgarhafnarhrepps. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, II. bindi*, bls. 131-264. Reykjavík, Bókaútgáfa Guðjóns Ó.

Örnefnaskrá fyrir Kálfafellsstað. Stefán Einarsson skráði (1961). Heimildarmaður: Jóhann Björnsson á Brunnum. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Munnleg heimild:

Björn Gísli Arnarson, Höfn. Símtal 03.02.2021.

Fjölur Torfason, Hala í Suðursveit. Tölvupóstur, 02.02.2021.